

Verkefni BSRB í menntamálum

Karl Rúnar Þórsson, formaður mennta- og fræðslunefndar BSRB



Menntastefna BSRB samþykkt á 44. þingi 2015 (úrdráttur)

- Menntun leiðir til jafnari tækifæra, framfara og hærra atvinnustigs landsmanna
- Menntun skilar sér í auknum tekjum og leggur grunn að virkni og lengri veru fólks á vinnumarkaði
- Jöfn tækifæri til menntunar og fræðslu við hæfi að skyldunámi loknu er hornsteinn hvers samfélags.
- BSRB leggur áherslu á að félagsmenn aðildarfélaganna hafi tækifæri til að þróa sig og mennta þannig að þeir verði eftirsóknarverðir á vinnumarkaði alla starfsævina.



Menntastefna BSRB samþykkt á 44. þingi 2015 (úrdráttur)

- Mikilvægt er að boðið sé upp á annað tækifæri til náms og stuðlað sé að því að menntun og starfsreynsla sé metin að verðleikum.
- BSRB leggur áherslu á að bandalagið og aðildarfélög þess séu virkir þátttakendur í umræðu og ákvarðanatöku um þróun og framvindu menntunar og fræðslu í landinu.
- Menntastefna BSRB styrkir aðildarfélögin í því mikilvæga verkefni að hækka menntunarstig félagsmanna í samstarfi við atvinnurekendur.
- Stefnan stuðlar að því að aðildarfélögin hafi skýra sýn, markmið og leiðir þegar fjallað er um menntun og fræðslu, hvort sem er innan raða BSRB eða í viðræðum við atvinnurekendur.



Menntastefna BSRB samþykkt á 44. þingi 2015 (úrdráttur)

■ Markmið m.a.:

- Taka þátt og afa áhrif á þróun og framboð menntunar á landinu m.a. með því að vera stefnumótandi í samningagerð um fræðslu og menntun og hafi aðkomu að og veiti umsögn um lagabreytingar og annað sem viðkemur menntun.
- Að félagsmenn aðildarfélaganna hafi gott aðgengi að fræðslu og hafi tækifæri til að þróa sig og mennta m.a. með því að tryggja í kjarasamningum tíma og rétt til fræðslu, símenntunaráætlanir og starfsþróunar- og starfsmenntasjóðum
- Starfsreynsla og menntun sé metin að verðleikum m.a. í kjarasamningum og raunfærnimati
- Forysta aðildarfélaganna þekki gildi og mikilvægi menntunar m.a. með miðlun upplýsinga, menntastefnu sem sé í takt við tímann og ráðstefnum
- Stjórnir og starfsmenn fái tækifæri og tilboð um fræðslu og menntun.



Menntastefna BSRB samþykkt á 44. þingi 2015

- Menntastefna BSRB - meginþættir:
 - Markmið og ávöxtur menntunar
 - Tækifæri til menntunar fyrir félagsmenn í kjarasamningum og menntun metin að verðleikum
 - BSRB virk í umræðu og ákvörðunartöku um menntun í landinu
 - Hækka menntunarstig félagsmanna
 - Tækifæri og tilboð um fræðslu og menntun til stjórna og starfsfólks



Menntastefna BSRB samþykkt á 44. þingi 2015 (viðbætur)

- Tryggja þarf jafnrétti til náms óháð aldri eða öðrum aðstæðum
- BSRB leggst gegn því að skólagjöld séu lögð á í opinberum menntastofnunum
- Kostnaður við skyldunám á að greiðast alfarið úr sameiginlegum sjóðum
- Viðunandi framfærsla á meðan á námi stendur
- Efla LÍN
- Efla starfsemi símenntunarmiðstöðva
- Auka samvinnu milli verkálýðshreyfingar, atvinnulífs og menntastofnana til að sporna við skorti á fagmenntuðu starfsfólki.



Þátttaka í stefnumótun stjórnvalda 2015-2018

- Ráðgjafarhópur um íslenskan hæfniramma
- Verkefnastjórn um fagháskólanám
- Samstarfsráð um fagháskólanám
- Samráðshópur um nám fullorðinna – endurskoðun laga um framhaldsfræðslu
- Endurskoðun á stjórnun og stjórnsýslu starfsmenntunar



Umsagnarbeiðnir 2015-2018

- Frumvarp til laga um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum og opinberum háskólum
- Frumvörp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna
 - T.d. um lánshæfi aðfaranáms og um námslán og námsstyrki
- Frumvarp til laga um grunnskóla m.a. um einkarekna skóla
- Frumvarp til laga um Menntamálastofnun



Nefndir og ráð

- Félagsmálaskóli alþýðu
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
- Fræðslusjóður
- Úthlutunarnefnd vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu
- Starfsgreinaráð
- Vinnustaðanámssjóður



Umræður á borðum – 20 mín í hverja spurningu

1. Hver eru mikilvægustu verkefni BSRB í menntamálum?
2. Hver eru mikilvægustu verkefni aðildarfélaga BSRB í menntamálum?
3. Hvernig skerpum við á menntastefnu BSRB?



1. Hver eru mikilvægustu verkefni BSRB í menntamálum?

- Hvernig á BSRB að vinna að jöfnum tækifærum félagsmanna til menntunar og fræðslu við hæfi að skyldunámi loknu?
- Hvernig og hverjar eiga áherslur BSRB að vera til að félagsmenn aðildarfélaga hafi tækifæri til að þróa sig og mennta þannig að þeir verði eftirsóknarverðir á vinnumarkaði alla starfsævina?
- Hvernig getur BSRB náð betri árangri? Samvinna við aðildarfélög, atvinnurekendur og stjórnvöld?



2. Hver eru mikilvægustu verkefni aðildarfélaga BSRB í menntamálum?

- Hvaða verkefnum eiga aðildarfélögin að sinna í menntamálum sinna félaga?
- Hvaða þáttum þarf að sinna betur?
- Hvað þarf til að félögin nái betri árangri?



3. Þarf að skerpa á menntastefnu BSRB?

- Veitir stefna BSRB nægilega skýra sýn og leiðbeiningar fyrir BSRB um markmið og leiðir þegar fjallað er um menntun og fræðslu, hvort sem er innan raða BSRB eða í viðræðum við atvinnurekendur eða stjórnvöld? Hvað þarf að skerpa eða skýra?
- Getur stefna BSRB betur stuðlað að því að aðildarfélögin hafi skýra sýn, markmið og leiðir þegar fjallað er um menntun og fræðslu, hvort sem er innan raða BSRB eða í viðræðum við atvinnurekendur. Hvað þarf að skerpa eða skýra?

